



Ræða um Íslendinginn Leif Eiríksson í vestrænu samhengi, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Leifur Eiríksson – Vestræn menning

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-5, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Íslendingurinn Leifur Eiríksson fann
fyrstur hvíttra manna hið mikla meginland
Norður-Ameríku, svo að sögur fari af.
Forfeður okkar skorti afl til þess að
nema svo fjarlæggt og mikið land, og bæði
Íslendinga og aðra, sem um þennan landfund
heyrðu, skorti skilning á þeim möguleikum, sem
þarn^á opnuðust. Þess vegna varð ekki úr
landnámi vestan hafs að því sinni. Aðrir
urðu til þess að finna landið nokkrum
öldum síðar og nema það.

Landfundur Leifs Eiríkssonar og ferðir
þeirra, sem í kjölfar hans sigldu á næstu
árum, voru þó afrek, sem eiga skilið að lifa
í minningu fleiri en norrænna manna einna.
Hetjudáðir þeirra hljóta að verða öllum,
sem þeim kynnast, hvatning til þess að kanna
ókunna stigu, ryðja braut til nýrrar þekking-
ar og rýmra athafnasviðs. Leifur Eiríks-
son var um margra alda bil öllum öðrum
fremur maður hinna nýju landamæra, svo að

notað sé orðtak Kennedys heitins forseta, er hann vildi lýsa viðleitni mannfólksins til fullkomnari lífshátta.

Þessi skilningur réði því, að Johnson forseti Bandaríkjanna fyrirskipaði í fyrra, að þaðan í frá skyldi hinn 9. okt. ár hvert helgaður minningu Leifs Eiríkssonar og við hann kenndur. Sæmd Leifs er okkur Íslendingum fagnaðarefni, enda höfðu Bandaríkin þegar á árinu 1930 með gjöf þeirrar stytta, sem við hér stöndum við, viðurkennt, að Leifur Eiríksson hefði verið frá Íslandi. Og við kunnum einnig að meta það, þegar sá maður, sem nú innan fárra daga tekur við embætti menntamálaráðherra í Noregi, Bondevik, fann að því í fyrra á Stórþinginu, að Norðmenn reyndu þá að eigna sér Íslendinginn Leif Eiríksson. [Hér er þó mjótt á munum. Landnám Islands og hin nær ellefu alda saga íslensku þjóðarinnar er lifandi ávöxtur þeirra afreka, sem norrænir menn unnu með

siglingum um úthöfin á opnum skipum,
þegar engir aðrir lögðu í slíkar hættu-
ferðir. Til þessa þurfti áræði, þrek
og þrautseigju.

Íslendingar hafa löngum þurft á
þessum eðliskostum að halda. Vegna
þeirra hefur þjóðinni tekizt að þrauka
af og varðveita betur en nokkur önnur
elztu arfleifð ekki einungis fornar
norrænnar, heldur og engil-saxneskrar
og germanskrar menningar, sem hugmyndirnar
um jafnrétti og lýðfrelsi rekja rætur
sínar til.

Áræði, þrek og þrautseigja, jafnrétti
og lýðfrelsi hafa eftt Bandaríkjaþjóðina
til þeirrar forystu, sem hún gegnir nú í
heiminum.

Minningin um Leif Eiríksson er nátengd
hollustunni við þessar hugsjónir og eigin-
leika. Þess vegna erum við nú saman
komin við stytta hans á þeim degi, sem
við hann er kenndur, í þeirri von, að aldrei

verði látin niður falla leitin að nýjum
landamærum mannglegrar þekkingar til trygg-
ingar aukinni farsæld sem flestra.